

Nd. 38. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 41 19. maí 1930 [Sjómanna­lög].

Flm.: Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Síðasti málsliður 18. gr. laganna orðist svo: Þurfi að reikna kaup fyrir brot úr mánuði, telst mánuðurinn 30 dagar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslenzku sjómanna­lögin munu að mestu eiga að vera þýðing á dönskum og norskum sjómanna­lögum. En í 18. gr. laganna hefir af einhverjum ástæðum slæðzt inn undarlegt ákvæði, sem ef um þýðingu hefir átt að vera að ræða, er á misskilningi byggt. En þetta ákvæði hefir orðið þess valdandi, að útgerðar­fyrirtæki á Íslandi hafa, síðan nefnd lög öðluðust gildi, orðið að greiða föstum árs­mönnum 12 mánaða kaup eftir samningi eða ákvörðun, að viðbættu 5—6 daga aukakaupi. Kemur þetta aðallega til góða þeim, sem mest bera úr bítum, en sýnist ástæðulaust. Hjá sumum fyrirtækjum nemur þessi greiðsla 5—10 þús. kr. á ári, og jafnvel meira.

Hér fer á eftir orðréttur texti ákv. dönsku, norsku og íslenzku sjómanna­laganna til frekari skýringar því, sem hér er um að ræða.

Danmörk. Sömandsloven af 1. Maj 1923. 3. kafli. 18. gr. Niðurlag greinarinnar hljóðar þannig:

Skal Hyren beregnes for en Del af en Maaned, regnes Maaneden til tredive Dage.

Noregur. Sjómannslov av 16. februar 1923. 3. kafli. 18. gr. Niðurlag greinarinnar hljóðar þannig:

Skal hyre beregnes for del av en måned, regnes måneden til 30 dager.

Ísland. Sjómanna­lög 19. maí 1930. 2. kafli. 18. gr. Niðurlag greinarinnar hljóðar þannig:

Þurfi að reikna kaup fyrir mánuð eða brot úr mánuði, telst mánuðurinn 30 dagar.